

80. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn í Skor þekkingarsetri á Patreksfirði
mánudaginn 27. desember 2010 kl. 17.00.

Mættir : Egill Ólafsson, Björgvin Sigurjónsson og Magnús Ólafs Hansson.
Forstöðumaður Sigurbjörg Ásgeirsdóttir boðaði forföll.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

Dagskrá:

1. Nýr ráðningarsamningur við forstöðumann
2. Tilboð í tryggingar fyrir Minjasafnið
3. Samstarf við Byggðasafn Vestfjarða
4. Tilboð í rekstur kaffiteríu á safninu
5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 seinni umræða
6. Önnur mál

Magnús Ólafs Hansson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og óskaði þeim
gleðilegra jóla.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Formaður lagði fram nýjan ráðningarsamning við forstöðumann Minjasafnsins. Aðilar
hafa áður kynnt sér samninginn. Samkomulag er milli stjórnar Minjasafns Egils
Ólafssonar á Hnjóti og forstöðumanns að hann taki ekki sumarleyfi á háannatíma
safnsins sem er á tímabilinu frá miðjum maí til miðs september ár hvert. Sumarleyfi
verði tekið eftir þann tíma. Forstöðumaður tilkynnti forföll eins og áður er bókað, en
samþykkir samkomulagið og sendi jafnframt undirritaðan nýjan ráðningarsamning.
2. Tilboð hafa borist í tryggingar fyrir Minjasafnið og eru tilboðin eftirfarandi :

Tryggingamiðstöðin	198.128 kr.
Vörður tryggingar	204.059 kr.
Sjóvá	214.299 kr.
VÍS	245.427 kr.

Stjórnin er sammála því að ganga að lægsta tilboði sem kom frá
Tryggingarmiðstöðinni að upphæð 198.128 kr. á ári og forstöðumanni falið að ganga
frá málefniinu.

3. Formanni stjórnar falið að kanna möguleika á aukinni samvinnu eða jafnvel
sameiningu Minjasafn Egils Ólafssonar við Byggðasafn Vestfjarða.
4. Forstöðumanni Minjasafnsins falið að auglýsa nú þegar eftir rekstraraðila kaffiteríu
Minjasafnsins fyrir komandi sumarvertíð. Um verði að ræða að komið verði upp
upplýsingamiðstöð og kaffiteríu. Óskað verði jafnframt eftir hugmyndum tilboðsgjafa
að rekstrarformi sem gæti nýst safninu. Tilboðum verði skilað til stjórnarformanns eigi
síðar en í lok janúar nk.
5. Fjárhagsáætlun, var lögð fyrir stjórn Minjasafnsins, seinni umræða. Var hún samþykkt
samhljóða. Fjárhagsáætlunin fylgir fundargerð þessari

E.O. 10/11/10

6. a. Formanni falið að kanna það með Umhverfisstofnun að komið verði upp starfsstöð Vatnsfjarðar/Látrabjargsstofu á Hnjóti í samvinnu við Minjasafnið á Hnjóti nú þegar á vordögum.

Formaður þakkaði stjórn Minjasafns Egils Ólafssonar samstarfið á líðandi ári og óskaði þeim gleðilegs nýs árs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Þagur Ólafsson
Þingvellir Sigurður
Egill Ólafsson.